

Alþingi v/Austurvöll
Nefndasvið Alþingis
Bt Hildar Edwald
150 REYKJAVÍK

Reykjavíkurlugvelli, 28. nóvember 2019
1901004KA

Efni: Þyrlupallur á Heimaey

Vísað er til umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 7. nóvember 2019 um þingsályktunartillögu um þyrlupall á Heimaey, 54. mál.

Vegna landfræðilegrar legu Vestmannaeyjaflugvallar getur aðflug orðið erfitt, bæði fyrir flugvélar og þyrlur, vegna t.d. hvassviðris og takmarkaðs skyggnis. Líkt og greint er frá í þingsályktunartillögunni hafa þyrlur Landhelgisgæslunnar þurft að lenda á óskilgreindum landingarstöðum utan flugvallar í Vestmannaeyjum.

Aðflugslágmark fyrir Vestmannaeyjaflugvöll er 630 fet. Isavia telur að hægt sé að skoða sérstaklega að hanna aðflug fyrir þyrlu allt niður í 500 fet annars staðar í Vestmannaeyjum. Ef slíkur staður finnst ætti því skilgreindur þyrlupallur með hannað aðflug frá öðrum stað en Vestmannaeyjaflugvelli að nýtast betur fyrir sjúkraþyrlu, sérstaklega þegar skyggni er slæmt. Slíkur þyrlupallur þarf að uppfylla hönnunarkröfur skv. EB reglum eins og þær eru innleiddar í reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli og hafa starfsleyfi frá Samgöngustofu.

Ekki hefur farið sérstök greining fram að hálfu Isavia hvar besta staðsetningin fyrir þyrlupall væri en Isavia mun að sjálfsögðu aðstoða bæjaryfirvöld við þá skoðun.

Virðingarfyllst,
f.h. Isavia ohf.

Karl Alvarsson yfirlögfræðingur



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2019

Tilvísun: 1911088/0.7.6

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey – 54. mál

Landhelgisgæsla Íslands styður fram komna tillögu um að þyrlupallur verði byggður á Heimaey og telur þetta afar brýnt öryggismál. Aðkallandi sjúkraflug sem Landhelgisgæslan hefur farið í síðastliðin ár skipta tugum og hafa þyrlur Landhelgisgæslunnar oft þurft að lenda við afar erfðar aðstæður þegar flugvöllurinn er lokaður allri umferð. Það væri mikið skref í öryggisátt að þyrlupallur yrði settur upp, en það skiptir einnig miklu máli að tryggt sé að vel skilgreind þjónusta fylgi þyrlupallinum eins og sjálfvirk veðurstöð, ljósabúnaður og blindaðflug, til að tryggja góða nýtingu á þessari fjárfestingu. Þá er nauðsynlegt að staðsetning þyrlupalls verði ákveðin í samráði við Landhelgisgæslu Íslands.

Virðingarfyllst,

Guðríður Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur



Nefndarsvið

Alþingi við Austurvöll

Reykjavík 19. nóvember 2019

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar
um þyrlupall á Heimaey, 54. Mál, 150. Löggjafarþing 2019-2020**

Landspítali þakkar umsagnarleitan.

Fulltrúar Landspítala telja æskilegt að umræddur þyrlupallur verði staðsettur við hlið sjúkrahússins í Vestmannaeyjum nema flugfræðilegar aðstæður eða byggingarsjónarmið hamli. Það myndi leyfa flutning sjúklings beint af sjúkrahúsinu út í þyrlu sem einfaldar flutning og eykur öryggi. Við fleiri skipti ("handovers") í sjúkraflutningum eykst áhætta á því að upplýsingar tapist. Þá aukast líkur á ýmsum atvikum við flutning milli staða og inn í og út úr farartækjum.



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 19. nóvember 2019
erindi nr. 201904142 FMR

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Umsagnir frá Alþingi - bæjarráð

Á 3113. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 19.11.2019, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Til umræðu var beiðni Alþingis um umsagnir um tillögu til þingsályktunar um þylupall í Vestmannaeyjum. Samkvæmt tillögunni er samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra falið að gera ráðstafanir til að lsaveia geti hannað og staðsett þylupall á Heimaey til að auka enn frekar öryggi í sjúkra- og neyðarflugi til Vestmannaeyja og verkinu verði lokið eigi síðar en árið 2021.

Niðurstaða

Bæjarráð tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar og telur mikilvægt að grípa til ráðstafana til að tryggja örugga sjúkraflutninga í neyðartilvikum og styttu viðbragðstímann. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag með staðsetningu sjúkraflugs á Akureyri er óásættanlegt.

Virðingarfyllt,

Fjola Margrét Robertsdóttir
Þjónustufulltrúi